

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2018

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, 202. mál**

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til tölvupósts velferðarnefndar, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, 202. mál. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið þá var frumvarp sama efnis lagt fram á 146. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Þess ber að geta að það frumvarp fól í tillögum að breytingum á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, en fyrirbyggjandi frumvarp felur hins vegar í sér tillögu að sérlögum um rafrettur. Eftir sem áður eru efnistökin þau sömu eða sambærileg og í fyrra frumvarpi.

SVP skiluðu umsögn á um fyrra frumvarp og eru þær athugasemdir sem þar komu fram ítrekaðar hér að neðan ásamt frekari ábendingum sem samtökin telja mikilvægt að koma á framfæri um málið.

Tekið skal fram í upphafi að telja verður jákvætt að sett séu lög um rafsígarettur, enda nauðsynlegt fyrir samfélagið að skýrar reglur séu í þessu sambandi, ekki síst hvað varðar gæði, öryggi og upplýsingar fyrir neytendur. Þá fagna SVP því einnig að með frumvarpinu eru rafrettur aðskildar frá lögum um tóbaksvarnir en eins og að framan greinir var með fyrra frumvarpi lagt til að færa þennan vöruflokk undir ákvæði laga um tóbaksvarnir.

Það vekur athygli að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins eru rafrettur lagðar að jöfnu hvort sem um er að ræða vörur sem innihalda níkótín eður ei. Að sama skapi, með samanburði á ákvæði þessu, inntaki frumvarpsins og samanburði við ákvæði laga umtóbaksvarnir þá má enn fremur ráða að rafrettur, með eða án níkótíns, eru lagðar að jöfnu við hefðbundnar tóbaksvörur. Í því sambandi verður að taka fram að skiptar skoðanir eru innan læknasamfélagsins á skaðsemi eða skaðleysi rafretta. Í þessu sambandi má benda á þá skoðun sem Guðmundur Karl Snæbjörnsson læknir hefur sett fram, en hann telur að hér sé um að ræða öflugt hjálpartæki fyrir þá sem vilja hætta að reykja, sbr. <http://www.visir.is/g/2016160429868/rafrettur--hraedslubladransprengd>).

SVP telja því varhugavert að yfirfæra þau boð og bönn sem fram koma í lögum um tóbaksvarnir yfir í fyrirbyggjandi frumvarp. Þ.e. frumvarp til sérlaga um rafrettur. Að mati SVP gengur því fyrirbyggjandi frumvarp langt í þeirri viðleitni að setja rafrettur í sama flokk og hefðbundið reykstóbak með því að setja sömu skorður við þessa vöru eins og eru við reykstóbak.

Það er því afar mikilvægt að Alþingi skoði vel öll þau vísindalegu gögn sem fáanleg eru um rafrettur og leggi sjálfstætt mat á þau áður en málið er afgreitt frá þinginu. Svo virðist sem það hafi ekki verið gert við vinnslu frumvarpsins í velferðarráðuneyti. Það kunna að vera lýðheilsuleg rök fyrir því að notkun rafretta í stað hefðbundinna sígaretta afstýri heilsutjóni, með því að reykingamenn hætti hefðbundnum reykingum með aðstoð rafretta.


Að mati SVP er mikilvægt að sjá í frumvarpinu að þessi sjónarmið séu vegin og metin. Með því að leggja rafrettur í sama eða sambærilegan flokk og hefðbundnar sígarettur, þrátt fyrir að fyrirliggjandi frumvarp grundvallist á sérlægum um þessa tilteknu vöru, virðist svo sem ráðuneytið hafi ekki haft áhuga á að skoða málið frá öllum hliðum. Þessu til frekari stuðnings má nefna að í nýlegri rannsókn Breska krabbameinsfélagsins kemur fram að rafrettur séu mun öruggari en reykingar tóbaks og engin gögn sýni að þær hafi skaðleg áhrif á þriðja mann, sbr. <http://www.cancerresearchuk.org/about-us/cancer-news/press-release/2017-02-06-ecigarettes-safer-than-smoking-says-long-term-study> og sjá einnig frétt Reuters um rannsóknina <http://www.reuters.com/article/us-health-ecigarettes-toxins-idUSKBN15L2J7>.

Í samræmi við þau sjónarmið sem hér hafa verið sett fram verður einnig að gagnrýna það að samkvæmt frumvarpinu er sýnileikabann sett á vöruna í verslunum. Rökin fyrir því eru augljóslega þau að gera fólki erfiðara með að nálgast vöruna. M.ö.o. að sýnileiki vörunnar yti undir aukna neyslu hennar. Því verður að benda á að reykingafólk sem hyggst nýta sér þennan möguleika til að hætta reykingum verður að geta fengið upplýsingar um vöruna með einhverjum hætti. Færa má rök fyrir því að með þessu móti sé verið að styðja við sterka stöðu sígarettunnar, en sú vara er óumdeilanlega sú hættulegasta í flokki tóbaks. Verður í þessu sambandi að benda á að nikótínbyggjó, sem gegnir einnig því hlutverki að aðstoða fólk við að hætta reykingum, er fólki sýnilegt í verslunum sem og í auglýsingum. Mikilvægt er að huga að meðalhófsreglum í þessu sambandi.

Þá telja SVP að sýnileikabann það sem lagt er til í frumvarpinu stuðlar ekki að forvörnum en skaðar miklu frekar, því reykingafólk verður þá ekki meðvitað um eitt besta hjálpartæki sem fundið hefur verið upp til að aðstoða við að hætta að reykja. Því er mikilvægt að skerða ekki aðgengi að því hjálpartæki sem rafrettur eru fyrir þá aðila sem eru að leita sér aðstoðar við að hætta að reykja.

Að öðru leyti gera SVP ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp. SVP áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. SVP

  
Lárus M. K. Ólafsson  
Lögmaður SVP